

Fundarmenn:

Hörður Helgi Helgason (formaður) (HHH)

Elfa Ýr Gylfadóttir (EÝG)

Páll Þórhallsson (PÞ)

Aðalheiður Ámundadóttir (AÁ)

Agnes Guðjónsdóttir (starfsmaður)

Fyrirliggjandi gögn:

Drög að fundargerð frá fyrsta fundi.

1. Stöðutaka

Nokkrar breytingar voru gerðar á fyrstu drögum að fundargerð, samþykkt var að senda hana út aftur fyrir næsta fund með breytingum, ásamt fundargerð þessa fundar.

Á fyrsta fundi var farið yfir þau gögn sem liggja eftir starf stýrihópsins hingað til og ákveðið að halda vinnufund í dag. Verkefni þessa fundar:

- a. Fara yfir öll efnisatriði þingsályktunarinnar.
- b. Taka stöðu á því hvar vinna við hvert atriðanna stæði.
- c. Ákveða að hverju þessara atriða stýrihópurinn muni vinna.
- d. Ákveða hvað stýrihópurinn ætli að gera varðandi hvert þessara atriða.

2. Verkefnaáætlun

a. Þagnaskyldufrumvarpið

- i. Forsætisráðherra lýsti því yfir á Alþingi í nýliðinni viku að frumvarp yrði lagt fram haustið 2015 um þagnarskyldu opinberra starfsmanna. PÞ ætlar að senda uppfærð frumvarpsdrög til stýrihópsins.

b. Vernd afhjúpanda

- i. Rætt var stuttlega hvort frumvarpið frá forsætisráðherra fjalli nægilega um vernd afhjúpanda. Taldi hópurinn að svo væri sennilega ekki. Þar sem í frumvarpinu er ekki farið í

2. fundur stýrihóps um þingsályktun um afgerandi sérstöðu Íslands varðandi
tjáningar- og upplýsingafrelsi.
11. maí 2015 kl. 9-12

tæknilegar útfærslur á því hvernig afhjúpendur eru verndaðir.

- ii. Fyrir þinginu liggur frumvarp um vernd afhjúpenda. Rætt var um hvort hópurnir hefði eitthvað við það frumvarp að bæta. Hópurinn taldi sig ekki hafa sjálfstætt framlag að bæta við framangreint frumvarp.
- iii. Höfundalög. Telur hópurnir þörf á að bæta undanþágugrein við 2. gr. höfl.? Með þessari spurningu er vísað til dómafordæma frá mannréttindadómstólnum. Einnig er vísað til máls gegn DV, þar sem birt var mynd af fólki sem var að selja kraftaverkalausnir (líklega lúpínúmálið). AÁ ætlar að skoða málið frekar og koma með stutta samantekt um það á næsta fundi.
- iv. Thomas Hoeren skrifaði umsögn um frumvarp til laga um vernd afhjúpenda árið 2012 auk þess sem hann hélt erindi á málþingi um sama efni. Nefndi Hoeren að það væri nokkur tæknileg atriði sem reyndi á við uppljóstrun mála, væri það helst á sviði vinnuréttar og höfundaréttar. Umfjöllun hans er að finna í umsögn um frumvarp lagt m.a. fram af Róberti Marshall haustið 2012-2013 um vernd afhjúpenda. ÞP tekur að sér að skoða alþjóðalöggjöf um málið og mun greina frá frá niðurstöðum á næsta fundi. EÝG ætlar að skoða hvað ÖSE hefur birt um vernd uppljóstrara og greinir frá því á næsta fundi.
- v. Eftir að farið er yfir fyrrgreindar upplýsingar mun hópurnir ákveða hvort tilefni sé til aðgerða, t.d. með samningufrumvarps, eður ei.
- vi. Minnt var á að í umræðum stýrihópsins hafi verið rætt um mögulegan farveg fyrir uppljóstrara hjá hinu opinbera. Var m.a. rætt um hvort Umboðsmaður Alþingis gæti verið farvegur fyrir slík mál., þannig að uppljóstrarar gætu leitað til hans og umboðsmaður rannsaki málið án þess að gefa upp

2. fundur stýrihóps um þingsályktun um afgerandi sérstöðu Íslands varðandi
tjáningar- og upplýsingafrelsi.
11. maí 2015 kl. 9-12

nafn uppljóstrara. Rætt var frekar um farveg uppljósturnar og hvert gæti verið hlutverk annars vegar ráðuneytis og stofnunar og hins vegar umboðsmanns. Rætt var hvort hægt sé að gera mun á hvernig uppljóstrun um sé að ræða.

- vii. Stýrihópurinn ræddi hvort það væri hlutverk stýrihópsins að senda inn umsagnir um frumvörp sem væru til umfjöllunar á Alþingi. Hópurinn telur það ekki vera á sínu verk sviði að blanda sér í þinglegu meðferð og því munu sérfróðir aðilar, eins og t.d. fjölmiðlanefnd, senda inn sérfræðiálit um frumvörp eftir því sem við á.

c. Samskiptavernd og vernd milliða.

- i. Verkefnið lenti í forgangi sem sjöunda verkefnið í verkefnaáætlun fyrri stýrihóps.
- ii. Rætt var um málið og tengsl við Evrópulöggjöf. Bent var á að tilskipunin um gagnageymd hefði ekki verið tekin upp í EES-samninginn af sameiginlegu EES-nefndinni. Málið er í uppnámi eftir dóm Evrópudómstólsins á liðnu ári sem felldi tilskipunina úr gildi.
- iii. Rætt var um hvort fella eigi á brott 3. mgr. 42. gr. og um leið að afnema skyldu fjarskiptafyrirtækja til gagnageymdar. Þessa skyldu er ekki að finna neins staðar annars staðar. Rætt var um að engar alþjóðlegar skuldbindingar væru að baki ákvæðinu.
- iv. Hópurinn ákvað að skoða málið og taka ákvörðun um það á síðari stigum.
- v. Fjallað var um lög um rafræn viðskipti. Bent var á skoða þurfi 2. tl. 1. mgr. 14. gr. um undanþágur vegna víðra heimilda í ákvæðinu til að fella ábyrgð á milliliði og þeirra kælingaráhrifa sem það hafi í för með sér. Fjallað var um að sterkur hvati sé til að milliliðir taki út efni án þess að nokkur skoðun fari fram á hvort eitthvað efnislega standi að baki kröfunni. AÁ tók að sér að skoða 14. gr. tilskipunarinnar og

2. fundur stýrihóps um þingsályktun um afgerandi sérstöðu Íslands varðandi
tjáningar- og upplýsingafrelsi.
11. maí 2015 kl. 9-12

aðrar alþjóðlegar skuldbindingar. AÁ tók einnig að sér að gera stuttlega grein fyrir rökum með og á móti því að fella 2. tl. úr gildi.

d. Lögbann á útgáfu

- i. Varpað var fram þeirri spurningu hvort lagaumhverfið á Íslandi væri vænlegt fyrir fjölmiðla til að miðla fréttum. Rætt var um hvortl hópurinn vilji gera aðrar kröfur um lögbann á fjölmiðla en gert er á öðrum réttarsviðum? Bent var á að í Svíþjóð er lögbann ekki heimilt og með þeim hætti sé tjáningarfrelsi verndað í stjórnarskrá. Rætt var um hvort afla þurfi frekari upplýsinga, svo sem frá lagaskrifstofu MRN.
- ii. Ákveðið var að forgangsraða málum með þeim hætti að verkefnið yrði sett neðar í forgangs röðun og tekið til athugunar þegar lokið hefur verið við önnur atriði í verkáætlun.

e. Réttarfarsvernd

- i. Fjallað var um málskostnað vegna tjáningarfrelsis og hver greiði kostnaðinn þegar meiðyrðamál fara fyrir dóm. Rætt var um hugsanleg kælingaráhrif vegna kostnaðar við að halda uppi vörnum og vegna dæmdra miskabóta og/eða sekta
- ii. Rætt var um stöðu Siðanefndar BÍ og hlutverk hennar. Rætt var hvort að hugsanlegt væri að fleiri mál fari fyrir dóm hér en ella þar sem tiltölulega fá mál fari fyrir Síðanefnd miðað við það sem gengur og gerist í þeim ríkjum sem við berum okkur saman við.
- iii. Ákveðið var að geyma þetta mál og taka afstöðu til þess þegar stýrihópurinn er búin að ræða meiðyrðamál á breiðum grunni. Þannig gæti ýmislegt breyst, ef tekin verður ákvörðun um að leggja til að meiðyrðaákvæði verði tekið út úr alm. hgl.

f. Vernd heimildarmanna

- i. Verndarákvæði í 25. gr. fjölmiðlalaga var sett eftir að þingsályktunin var lögð fram. Þetta ákvæði tekur tillit til

2. fundur stýrihóps um þingsályktun um afgerandi sérstöðu Íslands varðandi tjáningar- og upplýsingafrelsi.
11. maí 2015 kl. 9-12

þeirra sjónarmiða sem fram koma í ályktunni ásamt alþjóðlegum skuldbindingum. Nefndin ræddi því hvort tilefni væri til frekari aðgerða að svo komnu máli.

- ii. Ákveðið var að skoða málið þegar búið væri að ljúka verkefnum sem eru ofar á forgangslista hópsins.
- iii. Nefndin ræddi um ákvæði um vernd heimildarmanna. Var rætt um að verndin hafi sem slík haldið í svokölluðu Lekamáli. Heimildavernd hafi því ekki verið aflétt á Íslandi.

g. Vernd gagnagrunna og safna

- i. Rætt var um breskan dóm sem hefur verið nefndur sem dómafordæmi vegna tímafrests í meiðyrðamálum þar í landi.
- ii. Ákveðið var að skoða málið betur þegar lokið hefur verið við mál sem eru ofar á forgangslistanum.

h. Vernd gegn meiðyrðafлакki

- i. Sem EES ríki er ekki þörf á að innleiða ákveðna reglugerð um fullnustu dóma innan ESB. Rætt var að það myndi breytast ef Ísland gengi í Evrópusambandið. Minnt var á að sem EES-ríki þá höfum við betri varnir í meiðyrðamálaflakki.
- ii. EÝG mun senda gögn um meiðyrðamálaflakk sem fyrri stýrihópur hafði til skoðunar.

i. Upplýsingafrelsi

- i. Bent var á að skýrsla sé í smíðum hjá forsætisráðuneytinu um upplýsingalög.
- ii. Upplýsingalögum var breytt árið 2012, eftir að þingsályktunin sem stýrihópurinn starfar eftir var komin fram.
- iii. Minnt var á nýlegan sáttmála Evrópuráðsins þar sem krafist er rýmra frelsis um upplýsingar.
- iv. Ákveðið var að rýna skýrslu forsætisráðuneytis áður en stýrihópurinn fer yfir yfir málið.

j. Rafræn aðsetur á Íslandi

- i. Rætt var um að 2. mgr. 4. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/20011

2. fundur stýrihóps um þingsályktun um afgerandi sérstöðu Íslands varðandi
tjáningar- og upplýsingafrelsi.
11. maí 2015 kl. 9-12

afmarki landfræðilegt gildissvið í samræmi við tilskipunina.

- ii. Markmiðið með rafrænu aðsetri er að heimila aðsetur fjölmiðla eða mannréttindasamtaka sem vinna á alþjóðlegum grundvelli. Rætt var um hvernig hægt sé að staðfesta hvort aðilar séu fjölmiðlar eða aðrir „æskilegir“ aðilar, svo sem mannréttindasamtök. ISIS-lénamálið var rifjað upp. Rætt var um hvert væri gildi þess að setja takmarkanir á tjáningarfrelsi, t.d. samtaka á borð við ISIS.
- iii. Fundamenn samþykktu að setja þetta atriði neðarlega á forgangslistann en þegar málið verði tekið fyrir muni EÝG senda minnispunkta um málið til stýrihópsins.

k. Afnám refsinga vegna ærumeiðinga

- i. Til eru skýrsludrög frá stýrihópnum.
- ii. Meðlimir stýrihópsins þurfa að lesa yfir skýrsluna og ræða næstu skref á næsta fundi.

3. Önnur mál

1. Óvinsælar skoðanir og hatursorðræða

- a. Þarf að setja fram takmörk á tjáningarfrelsi. Rætt var um það að 233. gr. a hgl. er ekki skýr. Nefnd var umfjöllun um ákvæði alm. hgl. og ákvæði 27. gr. í lögum um fjölmiðla sem var til umfjöllunar á Lagadeginum 2015. Minnt var á að grundvallarmunur er á orðalagi í hgl. og 27. gr. fjölmiðlalaga.
- b. Rætt var um hvort stýrihópurinn vilji koma með ábendingu til refsiréttarnefndar sökum orðalags í hgl.? Stýrihópurinn mun skoða hvort sé hægt að senda athugasemdir sem eru í samræmi við fjölmiðlalög.
- c. ÞÞ og EÝG munu skrifa samantekt og setja fram tillögu.

Fundi slitið kl. 12:05.

Næsti fundur: 18. maí kl. 9-11 í MRN.

*2. fundur stýrihóps um þingsályktun um afgerandi sérstöðu Íslands varðandi
tjáningar- og upplýsingafrelsi.
11. maí 2015 kl. 9-12*

Yfirlit yfir gögn sem lágu fyrir fundinum:

| Nr. | Skjal | Hvaðan fengið |
|------------|---|------------------------------|
| s73 | 2015-04-28 Fyrsti fundur-drög.docx | 2015-05-10 Sent fyrir 2 fund |
| s74 | hatursordraeda-yfirlit-yfir-gildandi-log-og-reglur-abendingar-til-framtidar.pdf | 2015-05-10 Sent fyrir 2 fund |